

Grunnástandsskýrsla
vegna reksturs eggjabúsins á Vallá.

Inngangur

Samkvæmt reglugerð nr.550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit kemur fram að „starfsemi sem felur í sér notkun, framleiðslu eða losun tiltekinna hættulegra efna skal rekstraraðili, með hliðsjón af mögulegri jarðvegs- og grunnvatnsmengun á iðnaðarsvæði starfseminnar, taka saman og leggja fyrir Umhverfisstofnun skýrslu um grunnástand svæðisins áður en starfsemin hefst eða áður en starfsleyfi starfseminnar er uppfært“.

Í skýrslunni eru upplýsingar um grunnástand jarðvegs og grunnvatnsmengunar við eggjabúið á Vallá. Við gerð skýrslunnar er stuðst við leiðbeiningar Umhverfisstofnunnar er styðjast við kröfur Evrópusambandsins um losun í iðnaði.

Mynd 1. Yfirlitsmynd af eggjabúinu á Vallá. Starfstöðin samanstendur af varphúsum ásamt tilheyrandi fóðursílóum, eggjapökkun, kælum og umbúðageymslum .



Mengunarhætta af eftum sem móttokin eru

Lituð gasolía

U.m.p.b. árlega er keypt lituð gasolía á vararafstöðina og er hún afhent í olítank sem er staðsettur fyrir utan rafstöðvarhúsið. Olítankur er með tvöfalt byrði og umhverfis hann eru staðsettar árekstrarvarnir. Mjög ólíkleg er því hætta á jarðvegs eða grunnvatnsmengun.

Tafla 1.

Áhættugreining olíu				
Áhætta	Umhverfið		Áhrif	Líkur
Leki innandyra	x		Gæti valdið tímabundinni loftmengun	Mjög litlar
Leki utandyra	x		Getur lekið í jarðveg	Litlar
Loftmengun	x		Staðbundin, tímabundin.	Litlar
Eldhætta	x		Staðbundin við varaafstöð	Mjög litlar

Mengunarvarnir

Fóður

Þurrfóður er afhent í síló, sem sem standa á steyptum plönum við varphús. Í tilfelli leka yrði fóðrinu sópað/mokað upp og fargað með viðeigandi hætti.

Tafla 2.

Áhættugreining fóðurs				
Áhætta	Umhverfið		Áhrif	Líkur
Leki innandyra	x		Gæti valdið tímabundinni loftmengun	Mjög litlar
Leki utandyra	x		Getur lekið í niðurföll	Mjög litlar
Loftmengun	x		Staðbundin, tímabundin.	Mjög lítlar

Mengunarhætta á efnum sem framleidd eru

Seyra

Frá stöðinni fellur til nokkuð magn af seyru/lífrænu efni. Seyra/Úrgangi, lífrænt efni, er fjarlægt 2-3svar í viku af búinu og keyrt burt til nýtingar sem áburður og til landuppgräðslu. Seyra inniheldur ekki hættuleg eða varasöm efni.

Tafla 3.

Áhættugreining seyru				
Áhætta	Umhverfið		Áhrif	Líkur
Leki innandyra	x		Gæti valdið tímabundinni loftmengun	Mjög litlar
Leki utandyra	x		Getur lekið í nærliggjandi jarðveg	Litlar
Loftmengun	x		Staðbundin, tímabundin.	Litlar

Dýrahræ

Við framleiðsluna falla til dýrahræ. Hræ eru fjarlægð samdægurs úr búinu og komið fyrir í hrægám sem er lekaheldur og staðsettur á steyptu plani. Skráningar eru framkvæmdar daglega sem hluti af innra eftirliti búsins. Ekki er talin mengunarhætta af dýrahræjum á svæðinu.

Möguleg mengun á svæðinu

Möguleg mengun

Ekki er vitað um mengun í jarðvegi eða grunnvatni á svæðinu enda engin mengunarslys s.s. leki eða losun átt sér stað sem gæti valdið því. [Engin vatnsból](#) eða viðkvæmur viðtaki er til staðar á svæðinu. Seyra er fjarlægð vikulega og keyrð burt af búinu til uppgræðslu á landi og áburðar. Það hefur gengið vel og samkvæmt góðum búskaparháttum.

Samantekt og niðurstaða

Vegna eðli starfseminnar þ.e. búfjárframleiðsla er lítið sem ekkert móttekið af ólífrænum eða hættulegum efnum sem gætu haft mengun á jarðvegi eða grunnvatni í för með sér. Líkurnar á því eru hverfandi.

Ekki liggja fyrir nein gögn, sýnatökur né annað slíkt, sem bendir til að losun seyru frá starfseminni eða annað sem úr framleiðslunni kemur hafi valdið mengun á jarðvegi eða grunnvatni.

Við gerð þessarar skýrslu og skoðun á umhverfi og rekstri eggjabúsins á Vallá, teljum við stöðuna varðandi mengunarástandi jarðvegs og grunnvatns vera í góðum málum og engar forsendur til að ætla annað.